

Truenorth Ísland ehf.  
Hólmaslóð 8  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2015  
UST201507-037/S.P.  
09.06.01

### Efni: Kvikmyndataka við Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Sigurgeirs Þórðarsonar, fyrir hönd True North, dagsett 7. júlí 2015 vegna leyfis til kvikmyndatöku innan friðlýsta svæðisins við Skógafoss þann 10. júlí 2015.

Skógafoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1987, sbr. auglýsing nr. 477/1987 í B-deild stjórnartíðinda. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er gangandi fólki heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimil og óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum. Allt jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmyndatöku 10. júlí 2015, alls koma tíu manns að tökunum. Notast verður við einn dróna og fer takan fram að nóttu til. Ekki verður settur upp neinn búnaður á staðnum.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun lítur svo á að óheimilt sé að fljúga ómönnuðum loftförum á friðlýstum svæðum nema með leyfi Umhverfisstofnunar, þar sem litið er á slíkt flug sem framkvæmd samkvæmt 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem hætta er á að spillt geti friðlýstum náttúruminum. Því þarf leyfi Umhverfisstofnunar þegar taka á kvikmyndir eða ljósmyndir innan friðlýstra svæða með ómönnuðum loftförum.

Umhverfisstofnun telur að kvikmyndatökan eins og henni er lýst hér að framan, á þessum árstíma valdi hvorki raski á gróðri né dýralífi, að því gefnu að farið verði eftir þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti kvikmyndatökur við Skógafoss að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- Óskað er eftir því að umsækjandi tilkynni Umhverfisstofnun með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tölur hefjast og hvenær þeim lýkur. Senda skal René Biasone, teymisstjóra, tölvupóst á netfangið [rene.biasone@umhverfisstofnun.is](mailto:rene.biasone@umhverfisstofnun.is)
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Óheimilt er að vinna náttúruspjöll í friðlandinu, raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- True North skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tölur hefjast.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um náttúruvættið og fari eftir friðlýsingarskilmálum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.


Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:


- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld hins friðlýsta svæðis og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma, eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr eða fugla.
- Stjórnandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á hinu friðlýsta svæði, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluti þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara, sbr. upplýsingabréf um ómönnuð loftför, dagsett 6.2.2014. Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10. Samkvæmt reglunum þarf leyfi Samgöngustofu ef ómannað loftfar er yfir 5 kg að heildarþyngd. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að leyfishafi fylgi þeim reglum sem gilda um ómönnuð loftför við kvikmyndatökuna.
- Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.
- Umhverfisstofnun bendir á að umræddar kvikmyndamyndatökur við Skógafoss og meðferð hins ómannaða loftfars fer alfarið fram á ábyrgð True North.
- Vakin er sérstök athygli á því að samkvæmt 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er allur akstur utan vega bannaður.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu. Tekið verður gjald fyrir eftirlit sem nemur einum klukkutíma samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, 11.900 kr.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur